

Lög Sáttar

1. gr. Félag um sáttamiðlun

Félagið heitir Sátt og er félag um sáttamiðlun á Íslandi. Félagið skiptist í tvær deildir, almenna deild sem er opin öllum félagsmönnum og fagdeild sáttamiðlara sem er opin fagfólki sem lokið hefur námi í sáttamiðlun og hefur áhuga á að sinna sáttamiðlun.

Lögheimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. Skilgreiningar

Sáttamiðlun er lausnamiðuð sáttumleitun í ágreiningsmálum milli einstaklinga, eins eða fleiri, milli einstaklinga og lögaðila eða milli lögaðila. Sáttamiðlari er óhlutdrægur þriðji maður, sem aðstoðar þá sem vilja þannig freista þess að leysa ágreining sín í milli.

Með orðinu sáttamiðlun er átt við það sem nefnt er *mediation*, *mekling*, *rettsmekling* eða *megling* á erlendum málum.

3. gr. Félagsaðild

Sátt er opin öllum þeim sem hafa áhuga á sáttamiðlun og vilja vinna á einn eða annan hátt að framgangi sáttamiðlunar við lausn á ágreiningsmálum á Íslandi. Félagsmenn sem lokið hafa námi í sáttamiðlun geta einnig sótt um aðild að fagdeild sáttamiðlara innan Sáttar. Félagar í fagdeild Sáttar skulu hafa lokið háskólaprófi.

Markmið félagsins er að vinna að framgangi sáttamiðlunar á Íslandi og að það verði viðurkennt úrræði við lausn ágreiningsmála. Félagið vinnur einnig að skipulagningu viðurkennds náms hérlandis í sáttamiðlun, sem veitir réttindi til að vera sáttamiðlari vegna ágreinings sem risinn er eða er til meðferðar fyrir dómstólum, stjórnvöldum og á öðrum vettvangi.

4. gr. Tilgangur

Tilgangur félagsins er að vera sameiginlegur vettvangur þeirra sem hafa áhuga á að nýta sér sáttamiðlun og þeirra sem vilja stunda sáttamiðlun og afla sér menntunar á því sviði og stuðla að því að slík menntun bjóðist hér á landi.

Félagið skal m.a.:

- vinna að skilgreiningu á starfssviði sáttamiðlara,
- stuðla að því að komið verði á viðurkenndu námi í sáttamiðlun hér á landi sambærilegu viðbótarnámi fagfólks í Evrópu,
- stuðla að því að sáttamiðlun verði viðurkenndur valkostur við aðrar leiðir til að leysa ágreining í samfélaginu,
- vera vettvangur endurmenntunar, fræðslu og upplýsinga um sáttamiðlun fyrir félaga og aðra sem áhuga hafa á viðfangsefninu,
- mynda tengsl við sambærileg félög í öðrum löndum,
- vinna að framgangi sáttamiðlunar eftir því sem stjórn félagsins ákveður hverju sinni.

5. gr. Stjórn

Stjórn félagsins skal kosin á aðalfundi félagsins til tveggja ára í senn. Stjórnina skipa fimm félagsmenn. Formaður skal kosinn sérstakri kosningu en aðrir stjórnarmenn skulu skipta með sér verkum ritara, gjaldkera og meðstjórnenda. Þá skulu á aðalfundi kosnir tveir skoðunarmenn.

6. gr.

Listi yfir starfandi sáttamiðlara

Félagsmenn í **fagdeild** Sáttar geta óskað eftir því við stjórn félagsins að komast á lista yfir starfandi sáttamiðlara sem birtur er á heimasíðu félagsins.

Félagsmaður sem óskar eftir að fara á listann skal lýsa því yfir með skriflegum hætti að hann muni fylgja siðareglum Sáttar að öllu leyti og sinna starfi sínu sem sáttamiðlari af kostgæfni og fagmennsku. Jafnframt skal hann leggja fram ferilskrá og staðfestingu á námi á sviði sáttamiðlunar, **auk upplýsinga um sérhæfingu á sviði sáttamiðlunar** sem birtar eru undir nafni viðkomandi á heimasíðunni ef beiðni hans er samþykkt.

Sáttamiðlari skal hafa lokið viðeigandi menntun á sviði sáttamiðlunar sem nemur að lágmarki **5 ECTS einingum**. Stjórn Sáttar skal meta í hvert sinn hvort að menntun félagsmanns uppfylli framangreint skilyrði, **en einnig er heimilt er að líta til annarrar menntunar og reynslu sem nýtist sáttamiðlara í störfum sínum**.

7. gr. Félagsgjöld

Heimilt er að krefja félagsmenn um félagsgjöld og skal stjórn leggja fram tillögu að félagsgjöldum til samþykktar á aðalfundi félagsins. Félagsmenn sem ekki hafa greitt félagsgjöld falla af félagaskrá þegar **1 ár** er liðið frá stofnun kröfu.

Heimilt er að krefja utanfélagsmenn og þá félaga sem ekki hafa greitt félagsgjöld um hærri þátttökugjöld á ráðstefnur, námskeið og aðra dagskrá á vegum félagsins en skuldlausa félagsmenn.

8. gr. Aðalfundur

Aðalfundur skal haldinn á fyrsta ársfjórðungi ár hvert. Á aðalfundi skal fjallað um skýrslu stjórnar, fjárhagsmál félagsins, lagabreytingar og önnur mál löglega upp borin og ákveða árgjöld félagsmanna. Tillögur um lagabreytingar skulu berast stjórn félagsins minnst tveimur **vikum** fyrir aðalfund.

Boða skal til aðalfundar með dagskrá bréflega eða með **tölvu**pósti með fjögurra vikna fyrirvara. Lagabreytingatillögur fylgi fundarboði.

Félagsmenn sem ekki hafa greitt félagsgjöld hafa ekki kosningarétt á aðalfundi félagsins. Reikningsár félagsins er almannaksárið.

9. gr. Gildistaka

Lög þessi öðlast gildi á **aðal**fundi félagsins sem boðað hefur verið til með lögmætum hætti.

10. gr.
Slit félagsins

Verði uppi óskir um að leggja Sátt niður, þarf tillaga samþykki 2/3 atkvæðisbærra fundarmanna á tveimur aðalfundum, og skal á þeim fundum taka ákvörðun um ráðstöfun á eignum félagsins. Félagsmenn eiga ekki tilkall til eigna félagsins.